

57

27. júní

3. gr.

Þegar lög þessi hafa hlotið staðfestingu, skal fella meginmál þeirra inn í lög nr. 45 1927 og gefa þau út svo breytt með svofelldri viðbót við fyrirsögn: og kappróður.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.

58

27. júní

L Ö G

um landnám ríkisins.

RÍKISSTJÓRI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Heimilt er ríkisstjórninni að láta framkvæma landnám við þorp og kaupstaði og í sveitum, eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum þessum, og greiðir ríkissjóður til þessara framkvæmda a. m. k. 250 þús. kr. á ári. Heimilt er og að verja í sama skyni allt að helmingi þeirrar fjárhæðar, sem árlega kann að verða ákveðin í fjárlögum ríkisins til framleiðslubóta og atvinnuaukningar.

2. gr.

Landnám þetta sé í því fólgið, að ríkið lætur á sinn kostnað undirbúa til ræktunar og rækta land þar, sem skilyrði eru góð til samfelldrar ræktunar og góðrar lífsafkomu. Landnámið skal fara fram á því landi, sem ríkið er eigandi að. Heimilt er og að kaupa land í þessu skyni, ef það telst nauðsynlegt.

3. gr.

Þar, sem landnám samkvæmt lögum þessum er hafið við þorp og kaupstaði, sé miðað við, að stærð ræktaðs lands fyrir hvert býli sé um 2 ha. auk nauðsynlegs beitilands, ef til er. Ríkið skal láta girða og fullrækta land þetta og leggja um það nauðsynlega vegi, vatns- og skólpæðar. Í sveitum sé miðað við, að tún hvers býlis geti orðið minnst 10 ha., auk nauðsynlegs beitilands. Ríkið skal kosta girðingar og framræslu landsins og einnig láta fullrækta a. m. k. 4 ha. af því. Enn fremur láta leggja nauðsynlega vegi um landið og sameiginlegar vatnsæðar, ef hagkvæmt þykir. Undirbúningur landnáms í sveitum samkv. lögum þessum skal því aðeins hafinn, að skilyrði séu þar fyrir 5 samliggjandi býli hið minnsta.

4. gr.

Þegar lokið er framkvæmd ríkisins, sem um ræðir í 3. gr., skal fram fara fasteignamat á hverri einstakri jörð eða lóð. Lönd þessi skulu síðan leigð með erfðaleigu samkvæmt lögum nr. 8 frá 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt. Þó skal gefa ábúanda eða notanda sveitabýlis kost á að kaupa það við fasteignamatsverði og sömu greiðsluskilmálum og ákveðnir voru í lögum um sölu þjóð- og kirkjujarða.

5. gr.

58

Um nauðsynlega framhaldsræktun og byggingar á hinum einstöku býlum, sem reist verða samkvæmt lögum þessum, njóta ábúendur fjárhagslegrar aðstoðar eftir því, sem hér segir:

a. Ábúendur á býlum við þorp eða kaupstaði njóta lánskjara samkvæmt VI. kafla laga nr. 31 14. júní 1929, um Búnaðarbanka Íslands.

b. Ábúendur á sveitabýlum njóta láns og styrks samkvæmt 34. og 36. gr. laga nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámsjóð.

Um rétt ábúanda til að veðsetja landið vegna lántöku fer eftir 9. gr. laga nr. 8 frá 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt.

6. gr.

Nýbýlastjórn hefur á hendi framkvæmd laga þessara og nýtur um það aðstoðar og ráðuneytis Búnaðarfélags Íslands og skipulagsnefndar kauptúna.

Teiknistofa landbúnaðarins hefur á hendi aðstoð og eftirlit með byggingaframkvæmdum á býlum þeim, sem reist verða samkvæmt lögum þessum, á sama hátt og fyrir er mælt í V. kafla laga nr. 76 11. júní 1938, um byggingar- og landnámsjóð.

7. gr.

Heimilt er nýbýlastjórn, með samþykki landbúnaðarráðherra, að reisa í tilraunaskyni nokkur býli í sveit, þar sem ríkið framkvæmir ræktun og byggingar að fullu. Einnig er henni heimilt að láta þá menn ganga fyrir um kaup eða ábúð á býlum þessum, sem leggja vilja fram ókeypis vinnu við landnámið, enda fái þeir þá vinnu sína endurgoldna með hæfilegri eign í mannvirkjum býlisins, þegar það er fullgert til ábúðar.

8. gr.

Áður en landnámssvæði er ákveðið, skal nýbýlastjórn í hvert skipti leita umsagnar og tillagna sveitarstjórnar í hreppi þeim, er land það liggur, sem ætlað er til landnámsins. Ber hreppsnefnd að gera rökstudda grein fyrir því, hver áhrif hið fyrirhugaða landnám muni hafa á afkomuöryggi bújarða þeirra, sem fyrir eru í sveitinni, eða hreppsins í heild. Verði ágreiningur um fyrirætlanir nýbýlastjórnar annars vegar og tillögur og óskir sveitarstjórnar hins vegar, sker stjórn Búnaðarfélags Íslands úr, en ákvörðun þeirri má skjóta til fullnaðarúrskurðar landbúnaðarráðherra.

9. gr.

Við ákvörðun ábúenda á hinum nýju landnámsjörðum skal nýbýlastjórn og hlutaðeigandi hreppsnefnd vera í samráðum. Verði um það ágreiningur, sker ráðuneytið úr.

10. gr.

Landbúnaðarráðherra setur með reglugerð ákvæði, er nauðsynleg þykja um framkvæmd laga þessara.

11. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 27. júní 1941.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Hermann Jónasson.